

6.4.09

Alþingi
Erindi nr. P 136/1526
komudagur 6.4.2009

Breytingartillögur á útlendingalögum vegna fullgildingar Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali og mansalsbókunar við Palermósamning um skipulagða, fjölbjóðlega glæpastarfsemi.

Við 12. gr. bætist tveir nýir stafliðir:

12. gr. h.

Veita skal útlendingi, sem lögregla hefur tilkynnt Útlendingastofnun um að rökstuddur grunur leiki á um að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en í þrjátíu daga, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal ekki brottvísa viðkomandi einstaklingi úr landi á þessu tímabili.

Nú er rökstuddur grunur um að tilkall til stöðu fórnarlamb hafi verið gert í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.

12. gr. i.

Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt að skilyrðum 11. gr. sé ekki fullnægt þegar annað hvort eftirfarandi á við:

- a. Það telst nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi, eða
- b. Það telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls.

Leyfi skv. ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.